

## Því dæmist rjett að vera:

Að því er snertir þær fasteignir búans og það lausafje, er hinn svokallaði skiptagjörningur frá 1. júní 1885 getur um, ber að byggja skiptin á búinu, hvað áfrýjandann áhrærir, á skiptagjörningi þessum og samningnum 2. júní 1885. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði úrskurður að vera ómerkur. Málkostnaður falli niður.

Mánudaginn 21. júlímán.

Nr. 19/1890.

Rjettvísín

gegn

Ámunda Filippussyni.

## D ó m u r :

Með aukarjettardómi 23. des. f. á. var hinn ákærði Ámundi bóndi Filippusson á Bjólu í Holtamannahreppi dæmdur samkvæmt 249. og 250. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869 fyrir ólögmeta meðferð á fundnum fjármunum í 2×5 daga fangelsi við vatn og braud, svo og til að greiða allan af sökinni gegn honum leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns hans í hjerði, Gríms Skúlaonar, 5 kr.

Dómi þessum hefur bæði að beiðni hins ákærða og af hálfu hins opinbera verið skotið til yfirdómsins.

Ákærða hefur í 1. lagi verið gefið það að sök í máli þessu, að hann hafi stolið eða gjört tilraun til að stela heyi úr heygarði bróður síns og sambýlismanns á jörðinni Bjólu, Filippusar Filippussonar, og í öðru lagi hef-

ur hann verið grunaður um, að hafa heimildarlaust og með launung markað upp undir sitt mark gemling nokkurn, er nefndum bróður hans og sambylismanni hvarf vorið 1886. En hvað heytökuna snertir, hefur ákærði fastlega neitað því, að hafa tekið eða ætlað að taka nokkurt hey frá bróður sínum; og að eins eitt vitni hefur borið og unnið eið að því, að hann hafi sjeð ákærða koma upp að heyjum bróður hans og taka 2—3 flyksur af heyinu undir hönd sjer og ætla á burt með þær, en með þessum eina vitnisburði er eigi fengin næg sönnun til að áfella ákærða fyrir þjófnað eða þjófnaðartilraun. Og kvað uppmörkunina á fyrnefndum gemlingi áhrærir, þá hefur að vísu sauður, sem fundizt hefur í fje ákærða, þótt svipaður lambi því, sem hvarf bróður hans 1886, en að eins í vitni hefur treyst sjer til að staðfesta þann grun sinn með eiði, enda var hinn horfni gemlingur ekkert auðkennilegur að öðru en ef til vill markinu, og ákærði hefur, að því er virðist, getað gjört nokkurnveginn grein fyrir því, sem einkennilegt er við markið á sauðnum og sem hefur þótt minna á mark á gemlingnum, eins og hann einnig hefur getað gjört grein fyrir, hvaðan hann hafi fengið hinn umtalda sauð. Það verður þannig að fallast á það, að undirdómarinn hefur sýknað ákærða af báðum kærutridum þeim, er nú hafa verið talin.

Aptur á móti hefur það orðið upplýst um ákærða og sannað með eigin játningu hans, að hann hefur fyrir 3 árum brennimerkt sjer og hornskellt kind, er anuar maður átti og var með hans glögga eyrnamarki, sem er töluvert frábugðið fjármarki ákærða, og hefur ákærði haft sauð þenna þannig hjá sjer í fje sínu í þessi 3 ár, þangað til í haust að eigandinn þekkti hann.



Ákærði hefur viljað halda því fram, að hann hafi hornmarkað sjer sauðinn í ógáti og hafi sauðurinn verið færður sjer af öðrum sem sín eign og honum sýnt sitt mark vera á honum, en hann hefur að engu leyti vefengt, að sá ætti sauðinn, er leiddi sig að honum. Ákærði hefur nú ekki getað stutt framburð sinn um, að honum hafi verið færður sauðurinn af öðrum, sem hans eign, með neinu, þó að hann hafi gjört tilraun til þess, og eyrnamarkinu á sauðnum er svo varið, að það, að álitu þingvottanna, er næsta ólíklegt, að ákærði hafi eigi sjeð þegar í stað, að það var annað mark en hans eigið, og því síður, að hann hafi getað haft sauðinn í 3 ár í vörzlum sínum, án þess að gefa þessu gaum, en á hinn bóginn mun eigi hafa verið hægt að breyta markinu í hans mark, svo eigi bæri á því. Það verður því eigi tekið tillit til framangreindrar neitunar ákærða, um að hafa markað hinn umrædda sauð vísvitandi undir sitt mark og kastað þannig ólöglega eign sinni á hann, og verður því að dæma ákærða fyrir þetta brot hans samkvæmt 250. gr. hegningarlaganna og álízt hegningin hæfilega metin af undirdómaranum 2×5 daga fangelsi við vatn og braud. Yfirdómurinn fellst og á málskostnaðar-ákvæði undirdómsins og ber hann því að staðfesta í öllum greinum. Ákærða ber og að greiða kostnað allan af áfrýjun málsins, þar á meðal málfærslulaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmet.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur á að vera ó-

raskaður. Ákærði Ámundi Filippusson greiði allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Páls Briem, 10 kr. til hvors. Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 17/1890.

Kr. Ó. Þorgrímsson  
 gegn  
 Andreas Jespersen.

D ó m u r :

Mál þetta er í hjerði höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkurkaupstaðar af bóksala Kr. Ó. Þorgrímssyni gegn gestgjafa Andreas Jespersen fyrir barsmíði og ærumeiðingar. Var það dæmt þar 10. aprílmán. þ. á. með þeim úrslitum, að hinn stefndi var dæmdur sýkn af kærum og kröfum stefnanda, en málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefur Kr. Ó. Þorgrímsson áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu 3. maímán. næstliðins og þar krafizt: að undirrjettardóminum í máli þessu verði algjörlega hrundið, að veitingamaður Andreas Jespersen verði dæmdur til sekta eða fangelsis fyrir ofbeldi það, er hann hafi sýnt honum 11. desbr. f. á. inni á veitingastofu sinni og að hann verði dæmdur til að borga áfrýjanda málskostnað fyrir undir- og yfirdómi með 50 kr. eða einhverju nægilegu eptir rjettarins mati. Á hinn bóginn hefur hinn stefndi krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi með einhverju nægilegu eptir rjettarins mati. Málsatvik eru, samkvæmt því sem áfrýjandi hefur skýrt frá